

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hamraness fyrir Áshamar 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. september 2025 breyting á deiliskipulagi Hamraness fyrir Áshamar 1. Breytingin felst í því að lögun lóðar breytist og djúpgámar eru staðsettir lengra til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. október 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Aleksandra Julia Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 16. október 2025